

# ÞINGEYJAR SVEIT



HVAÐ ER  
AÐ FRÉTTA?



MAÍ 2026

*Fráfarandi sveitarstjórn fundaði í síðasta skipti í mánuðinum.*

## PISTILL FRÁ FRÁFARANDI SVEITARSTJÓRN ÞINGEYJARSVEITAR

**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hélt sinn síðasta fund þann 28. maí og lauk þar með kjörtímabili sem hófst eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2022. Þar með marka þessi tímamót ákveðin kaflaskil, enda er þetta fyrsta sveitarstjórnin í sameinuðu sveitarfélagi eftir sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.**



Jóna Björg Hlökkversdóttir, Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggisdóttir, Árni Pétur Hilmarrsson, Arnór Benónýsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Haraldur Bóasson, Eyþór Kári Ingólfsson og Ragnhildur Hólm.

Kjörtímabilið hefur verið bæði viðburðaríkt og krefjandi. Meginverkefnið hefur falist í að samþætta ólík samfélög og starfsemi þeirra í eina heild. Það hefur kallað á mikla vinnu, samtal og samstöðu, og er enn í þróun. Ljóst er að þó mikilvægt grunnstarf hafi verið unnið á þessu fyrsta kjörtímabili mun það verkefni halda áfram á næstu árum.

Sveitarstjórn vill sérstaklega þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag. Fagmennska, eljusemi og sveigjanleiki þess hefur verið lykilatriði í að tryggja þjónustu og takast á við þær breytingar sem fylgja sameiningu og þróun stjórnsýslu.

Við lok kjörtímabilsins er staða sveitarfélagsins stöðug í rekstri. Unnið hefur verið að yfirferð og greiningu á viðhalds-þörf innviða sem nýtast mun vel við framtíðarákvarðanir. Þá hefur verið unnið að gerð nýs aðalskipulags sem nú er í samþykktarferli og mun leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins.

Á kjörtímabilinu hélt sveitarstjórn 80 fundi, auk fjölda vinnufunda um einstök mál, fjárhagsáætlun og skipulagsmál. Alls voru tekin fyrir um 1.550 mál. Þá störfuðu fimm fastanefndir auk ungmennaráðs, og eru öllum sem komu að störfum á vegum sveitarfélagsins færðar þakkar fyrir sitt framlag.

Skipan sveitarstjórnar tekur verulegum breytingum á komandi kjörtímabili, en einungis tveir núverandi fulltrúar halda áfram. Af því tilefni vill fráfarandi sveitarstjórn þakka íbúum fyrir traust og gott samstarf á liðnum árum.

Jafnframt eru nýrri sveitarstjórn sendar bestu óskir. Fram undan eru spennandi verkefni og tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar sterks og samheldins sveitarfélags.



*Sveitarstjórn  
Þingeyjarsveitar  
þakkar fyrir sig.*

# Lokaorð sveitarstjóra

## Gerður Sigtryggsdóttir

fráfarandi sveitarstjóri



Framtíð Þingeyjarsveitar er björt. Hér er mikill mannauður, undurfögur náttúra og óþrjótandi atvinnutækifæri. Geo Silica hefur starfsemi á Þeistareykjum í haust og þar er einnig hafinn undirbúningur að byggingu 10.000m<sup>2</sup> framleiðsluhúss Mýsköpunar. Þetta er eitt stærsta atvinnutækifæri í sveitarfélaginu fyrr og síðar. 40 ný störf verða til—það munar um minna. Í báðum tilvikum skiptir nálægðin við jarðvarmavirkjunina höfuðmáli sem og gott samstarf við Landsvirkjun. Jarðvarmi er ein mikilvægasta auðlind Þingeyjarsveitar og Þeistareykir eru og verða hornsteinn í rekstri sveitarfélagsins um ókomna tíð. Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu á svæðinu og enn eru veruleg sóknarfæri með fjölgun áfangastaða, t.a.m. með menningarstarfsemi og matvælaframleiðslu.

Í leik- og grunnskólum Þingeyjarsveitar er unnið metnaðarfullt starf sem endurspeglar í góðum árangri nemenda, vellíðan og ánægju starfsmanna og foreldra samkvæmt nýrri úttekt á rekstri og starfi skólanna.

Stöðugleiki og aðhald í fjármálum sveitarfélagsins ásamt hagræðingu í rekstri er eilífðarverkefni og eitt aðalviðfangsefni sveitarstjórnar. Frá 2022 hafa ekki verið tekin ný lán en þrátt fyrir það er skuldaviðmið sveitarfélagsins um 50% og má hæst vera 150%. Til þess að rekstrarafgangur sveitarfélagsins standi undir afborgunum lána, nýframkvæmdum og viðhaldi fasteigna, ætti skuldaviðmiðið ekki að vera mikið hærra en nú er. Ef það tekst ekki eykst þörfin fyrir lántöku. Samtímis er nauðsynlegt að lækka rekstrar-kostnað því það er ekki auðvelt að auka tekjur

sveitarfélaga nema yfir lengri tíma. Góð sveitarstjórn lágmarkar lántökur vegna þess að skuldsetning er í raun ákvörðun um að eyða fjármunum sem næsta kynslóð þarf að vinna fyrir í formi skatta eða skertrar þjónustu.

“  
*Það hafa verið sérstök forréttindi að fá að vinna að hagsmunum íbúa Þingeyjarsveitar.*

Kjörtímabilið hefur verið bæði krefjandi og gjöfult, margt hefur áunnist, annað er vel á veg komið. Verkefni sveitarfélaga eru umfangsmikil og fjölbreytt og oft veltur árangurinn á flóknu samstarfi við opinbera aðila. Það krefst tíma og seiglu að fylgja slíkum málum eftir.

Það hafa verið sérstök forréttindi að fá að vinna að hagsmunum íbúa Þingeyjarsveitar. Sérstakar þakkir fá allir þeir starfsmenn sem hafa tekið höndum saman um að halda uppi óskertri þjónustu við íbúa, jafnframt því að leggja grunninn að nýju sveitarfélagi á þessu fyrsta kjörtímabili eftir sameiningu. Án þeirra hefði ekkert áunnist. Félögum mínum í sveitarstjórn þakka ég farsælt samstarf um leið og ég óska nýkjörinni sveitarstjórn velfarnaðar.

Gerður Sigtryggsdóttir



## ÚRSLIT SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA

Á kjörskrá voru: 1.115  
Atkvæði greiddu: 818  
Auðir seðlar: 23  
Ógildir seðlar: 1

Kjörsókn í Þingeyjarsveit var 73,4%



**390 ATKVÆÐI**  
**49,10%**  
**4 KJÖRNIR FULLTRÚAR**



1. sæti - Knútur  
Jónasson



2. sæti - Nanna  
Marteinsdóttir



3. sæti - Anna  
Bragadóttir



4. sæti - Dóra Rún  
Kristjánsdóttir



**232 ATKVÆÐI**  
**29,2%**  
**2 KJÖRNIR FULLTRÚAR**



**172 ATKVÆÐI**  
**21,7%**  
**1 KJÖRINN FULLTRÚÍ**



1. sæti - Hallgrímur  
Páll Leifsson



2. sæti - Freydís  
Anna Ingvarsdóttir



1. sæti - Eypór Kári  
Ingólfsson

### **Yfirkjörstjórn Þingeyjarsveitar:**

*Dagný Pétursdóttir formaður*

*Bjarni Höskuldsson*

*Jóhanna Njálisdóttir*

LITIÐ UM ÖXL

*gamla myndin*

SPB-0016



Sigurveig Jónsdóttir á leið út í Flatey um 1965.  
Ljósmyndari Sigurður Pétur Björnsson.

SENDA ÁBENDINGU



## GAMLI HLUTURINN

### Ennisspöng

Skartgripur fyrir höfuð, gerður úr víraverki. Var í eigu Halldóru Magnúsdóttur, Staðarhóli S-Þing. Gefinn til safnsins af dóttur hennar, Maríu Hannesdóttur.

"Litið um öxl" er fastur liður í fréttabréfinu, þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um muni í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar oft skráningu á ýmist fólki, staðsetningu eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekkja til eru beðnir um að senda póst á [skjalasafn@husmus.is](mailto:skjalasafn@husmus.is) með upplýsingum.



MENNINGARMIÐSTÖÐ  
ÞINGEYINGA



Sigurbjörn Árni, skólameistari Laugaskóla hélt erindi um sögu skólans


# Skemmtileg heimsókn eldri borgara í Laugaskóla

**Þriðjudaginn 28. apríl fóru eldri borgarar fjórða árið í röð í heimsókn í Framhaldsskólann Laugum. Boðið var upp á dýrindis mat, skemmtun og fróðleikserindi.**

Snorri Sigurðsson og Böðvar Ingvi Guðjónsson voru með tónlistaratriði, Ragna Heiðbjört kennari fór yfir útgáfu bókar í tilefni 100 ára afmælis Laugaskóla og Sigurbjörn Árni talaði um sögu Laugaskóla.

Næst var farið í Húsmæðraskólann á Laugum þar sem Dagbjört Jónsdóttir tók á mótí hópnum og fór yfir sögu Húsmæðraskólans. Þvínæst lá leiðin í Dalakofann þar sem boðið var upp á söng, samveru og kaffi í boði Þingeyjarsveitar.





Það verður rándýrt útsýni frá leikskólanum Tjarnarskjóli, í Stórutjarnaskóla

# Fréttir af framkvæmdum og uppbyggingu í sveitarfélaginu

**Undanfarið hefur verið unnið að fjölbreyttum framkvæmdum og verkefnum innan sveitarfélagsins sem miða að því að bæta aðstöðu og umhverfi fyrir íbúa og þjónustu.**

Hönnun á grunnskólalóðum skólanna er nú í vinnslu og er markmiðið að skapa betra og fjölbreyttara útvistarsvæði fyrir nemendur. Ný leiktæki hafa þegar verið keypt og verða þau sett upp í sumar.

Endurnýjun á þaki á Ýdölum gekk vel og framkvæmdin fór hratt og örugglega fram. Verkið hefur bætt húsnæðið til framtíðar og komið í veg fyrir frekari skemmdir vegna leka.

Framkvæmdir við Tjarnarskjól, leikskólann á Stórutjörnum, ganga vel og eru samkvæmt áætlun. Verkefnið heldur áfram með góðum hraða og stefnt er að áframhaldandi góðri framvindu á næstu mánuðum.

Einnig hafa verið gerðar allsherjar endurbætur á annarri parhúsaíbúðinni í Þingeyjarskóla. Samhliða því hafa nýir gluggar verið settir í allt húsið.



**Framkvæmdir við Tjarnarskjól ganga vel og eru á áætlun**



# Fjölþætt heilsuefling íbúa 60+ hefst í haust!

Þingeyjarsveit hefur gert samstarfssamning við Janus heilsueflingu um heilsueflingu íbúa 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit. Hér er örstutt kynning á verkefninu en Janus mun mæta til okkar í haust og vera með opna kynningarfundum.

## Farsæl efri ár

Ein leið að farsælum efri árum er að við getum til dæmis búið heima hjá okkur sem lengst og höfum þökkalega góða heilsu. Eitt af því sem kemur okkur langt í þá átt er þátttaka í reglubundinni hreyfingu og hollt mataræði. Þegar árin færast yfir hægist oft á okkur, við hreyfum okkur minna og fyrir vikið rýrna vöðvarnir því þeir eru jú minna notaðir. Reglubundnar styrk- og þolæfingar eru því mikilvægur þáttur.

Með því að hittast og hreyfa okkur saman þá náum við þeim þremur þáttum sem heilsa er – **líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan.**



**Æfingar Janusar verða prisvar í viku og undir leiðsögn. Áhugasamir um verkefnið eru beðnir að svara örstuttri könnun. Könnunin er nafnlaus.**

**SVARA KÖNNUN**

# Hátíðarhöld

# 17. Júní



DAGSKRÁ HEFST

**14:00****Í SKJÓLBREKKU**

**KVENFÉLAG MÝVATNSSVEITAR OG UMF.  
EFLING STANDA SAMEIGINLEGA FYRIR  
HÁTÍÐARDAGSKRÁ**



Dagskráin verður nokkuð hefðbundin með hátíðarræðu, ávarpi Fjallkonu, afhendingu Menningarverðlauna Þingeyjarsveitar og tónlistaratriði. Þá verður sitthvað á dagskrá fyrir börnin s.s. andlitsmálun, teymt undir börn á hestum, leikir og annað sprell. Heitt á könnunni inni, sjoppusala og grillaðar pylsur.

*Sjáumst!*



# Vel mætt á Brúarkynningu um fornleifaskráningu í Fjörðum

**Hulda náttúruhugvísindasetur stóð fyrir Brúarkynningu í Ljósvetningabúð 5.maí, en tæplega 70 manns mættu á kynninguna sem fjallaði um fornleifaskráningu í eyðibýggðum á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Skráningu strandbyggðanna í Fjörðum, Flateyjardal og Náttfaravík er lokið.**

Kristborg Þórsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands sagði frá eyðibýlaskráningunni, en sjónum var einkum beint að Náttfaravíkum og óvæntum uppgötvunum þar en einnig að fornleifauppgrefti á verbúðarminjum í Rauðuvík sem eru óðum að hverfa vegna ágangs sjávar.

Sumarið 1962 fór atvinnuljósmyndarinn Ari Kárasón frá Staðarholti í Kinn, með hópi fólks í rúningsgöngur út í Naustavík. Margar ómetanlegar myndir úr þeirri ferð hafa varðveist sem heimamenn hafa ekki séð áður. Þessar myndir verða sýndar á tjaldi undir stjórn Hlökkvers Hlökkverssonar og reynt verður að greina fólk og fleira.

Brúarkynningar eru reglulega haldnar, en stundum berast hugmyndir úr samfélaginu að efni kynninganna. Hlökkver Hlökkversson á Björgum kom með hugmyndina að þessari kynningu og hún var síðan skiplögð í samstarfi hans og Huldu.

**i**

## HVAÐ ER BRÚARKYNNING?

*Brúarkynningar eru viðburðir eða samverustundir þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn (grúskarar) kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif.*

**HEIMASÍÐA HULDU**



**HJÖRDÍS  
ALBERTSDÓTTIR**

## HJÖRDÍS RÁÐIN SVIÐSSTJÓRI FJÖLSKYLDUSVIÐS

Hjördís Albertsdóttir tók við starfi sviðsstjóra fjölskyldusviðs Þingeyjarsveitar í september síðastliðnum, en hún var þá ráðin tímabundið til 31. ágúst 2026. Starfið var svo auglýst til umsóknar 17. apríl, og fjórar umsóknir bárust.

Hjördís var áður skólastjóri Reykjahlíðarskóla, en hún er með B.ed. próf í grunnskólakennarafræði og hefur jafnframt lagt stund á MLM nám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst. Hún hefur mikla kennslureynslu ásamt reynslu af stjórnun á hinum ýmsu sviðum skólasamfélagsins. Einnig var hún varaformaður Félags grunnskólakennara á árunum 2018-2021.

## Komdu í fótbolta með Mola

**KSI**



**8. JÚNÍ**

REYKJAHLÍÐ ..... 13:00  
LAUGUM ..... 16:30

*sjáumst!*



# STÖRF VIÐ HEIMARÞJÓNUSTU Í REYKJADAL, FNJÓSKADAL OG KINN



Félagsleg heimarþjónusta felur í sér margskonar aðstoð við einstaklinga á heimilum sínum sem geta ekki hjálparlaust sinnt daglegum verkefnum vegna öldrunar, veikinda, álags eða fötlunar.

## HÆFNISKRÖFUR

- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði, sveigjanleiki og geta til að vinna sjálfstætt
- Áhugi og/eða reynsla af að starfa með öldruðum
- Almenn kunnátta við þrif og önnur heimilisstörf
- Stundvísi, heiðarleiki og góð kunnátta í íslensku
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafi gild ökuréttindi og bíl til umræða

**Umsóknarfrestur er ótímabundinn  
Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá.**

**Laun eru samkvæmt gildandi  
kjarasamningi Sambands íslenskra  
sveitarfélaga og hlutaðeigandi  
stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint  
sakavottorð.**

## FYRIRSPURNIR OG UMSÓKNIR UM STARFIÐ:

Hjördís Albertsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs  
[hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is](mailto:hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is) - 512-1800


## TILKYNNING

**ATH!**  
**NÝR OPNUNARTÍMI SKRIFSTOFU  
ÞINGEYJARSVEITAR:**

**MÁN - FIM**  
**9 - 12:00 & 12:30 - 15:00**

**FÖS**  
**9 - 12:00**

# ATH! Starfsfólk óskast! Umsjón félagsstarfs 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



Laus til umsóknar eru tvö 20 – 25% störf í umsjón með félagsstarfi eldri borgara einu sinni í viku. Um er að ræða skipulag, undirbúning og umsjón á samverustundum eldri borgara í Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla. Umsóknarfrestur: 10. júní.



Samverustundir eldri borgara í Þingeyjarsveit eru tvisvar í viku, annars vegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla.

**SKOÐA STARF**

## FREKARI UPPLÝSINGAR:

Gunnhildur Hinriksdóttir, verkefnastjóri æskulýðs- tómstunda- og menningarmála - [gunnhildur@thingeyjarsveit.is](mailto:gunnhildur@thingeyjarsveit.is)

FRESTUR:

**10. JÚNÍ**

# ÓSKUM EFTIR ÞROSKAÞJÁLFA TIL STARFA VIÐ SKÓLAÞJÓNUSTU ÞINGEYJARSVEITAR



## VERKSVIÐ OG MEGINVERKEFNI

- Tekur þátt í teymisvinnu með öðrum sérfræðingum skólaþjónustu Þingeyjarsveitar.
- Vinnur að áætlanagerðum, þ.m.t. bekkjaráætlunum og einstaklingsáætlunum í samstarfi við kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og foreldra í leik- og grunnskólum Þingeyjarsveitar.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við sérkennara skóla.
- Skipuleggur og tekur þátt í markvissum atferlisinngripum.
- Aðlögun náms og námsumhverfi fyrir einhverfa nemendur og nemendur með þroskafrávik.
- Annast þjálfun og fræðslu um fatlanir og þroskafrávik fyrir stuðningsfulltrúa og annað starfsfólk skóla.
- Veitir starfsfólki skóla og foreldrum ráðgjöf og leiðbeiningar.
- Ber ábyrgð á hjálpartækjum nemenda og sér til þess að þau séu rétt notuð.
- Vinnur eftir lögum um farsæld barna og tekur þátt í starfi þjónustuteyma í samþættingu sé þess óskað.
- Vinnur önnur verkefni sem yfirmaður felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs yfirproskapjálfa.

## VERKSVIÐ OG MEGINVERKEFNI

- Leyfi til að nota starfsheitið þroskapjálfi.
- Farsæl reynsla af vinnu með einstaklingum með fjölþættan vanda.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.
- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki í starfi.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Góð kunnátta í íslensku



**Umsóknir sendist á netfangið [umsokn@thingeyjarsveit.is](mailto:umsokn@thingeyjarsveit.is)**

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Hjördís Albertsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1800 eða á netfangið [hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is](mailto:hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is)

**FRESTUR:**

**15. JÚNÍ**



# Korttaflan



Ætlar þú að halda  
viðburð í Þingeyjarsveit  
í sumar?



SMELLTU HÉR  
TIL AÐ SKRÁ  
VIÐBURÐ  
Í DAGATAL  
Á HEIMASÍÐU

NÆSTA  
FRÉTTABRÉF

KEMUR ÚT  
1. SEPTEMBER



Fylgdu  
Þingeyjarsveit  
á Facebook:





## FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

### JÚNÍ

- 11. Sveitarstjórn
- 18. Skipulagsnefnd
- 25. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)

## Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagný Þeirsdóttir-hlaupastelpan@isli.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

## Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í júní:

### Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs og staðgengill sveitarstjóra

hefur viðveru á föstudögum í júní frá 9-12 á Hlíðavegi 6

### Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Brynja Dögg Ingólfssdóttir skipulagsfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Hjördís Albertsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

hefur viðveru á föstudögum í júní í Gíg.

Er í sumarfrí eftir 19.júní.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) eða í síma 512 1800



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins **HÉR** og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!



FYLGDU  
ÞINGEYJARSVEIT Á  
INSTAGRAM OG  
FACEBOOK



Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 5. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Gerður Sigtryggsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnssstofa - Rakel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit

Sími: 512 1800

Netfang: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)